

Föstudaginn 28. október 1983.

Nr. 262/1981. **Sigurgeir Jónsson og**
Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Sigurði Karlssyni

(Kjartan R. Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1981. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að þeim verði einungis gert að greiða honum 543.40 krónur með 27% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 1. desember sama ár, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þeir krefjast og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Áfrýjendur andmæla ekki tölulega þeirri fjárhæð, sem héraðsdómari dæmdi stefnda í bætur vegna vatnsleka í farangursgeymslu.

Áfrýjandi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f greiddi kostnað af úrbótum á þeim misfellum, sem voru á viðgerð á bifreið stefnda af hendi þess bifreiðaverkstæðis, sem verkið annaðist. Eins og öllum atvikum er háttað, þykir stefndi eiga rétt á, að áfrýjendur bæti honum einnig afnotamissi bifreiðarinnar, meðan á þeim lagfæringum stóð.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sigurgeir Jónsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Sigurði Karlssyni, 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 9. nóvember sl., höfðaði Sigurður Karlsson bifreiðarstjóri nú til heimilis að Austurbergi 2, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Sigurgeiri Iónssyni, Rauðalæk 39, Reykjavík, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 5.065.40 eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarans með 46% ársvöxtum frá 1. sept. 1979 til 1. mars 1981, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndu gera þá dómkröfu aðallega að verða sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði til dæmdur málskostnaður úr hans hendi að nati réttarins. Til vara krefjast stefndu sýknu og málskostnaðar gegn greiðslu í kr. 543.40 með 27% ársvöxtum frá 1. sept. 1979 til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 205.85 í innheimtulaun.

Leitað hefur verið um sáttir án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að hinn 13. júlí 1978 varð árekstur á milli bifreiðar stefnanda, R 2792, og bifreiðar stefnda Sigurgeirs, R 2942. Óumdeilt er, að ökumaður R 2942 hafi átt alla sök á árekstrinum, en bifreiðin R 2942 var skyldutryggð hjá stefnda Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f. Eftir árekstrinn lét stefnandi draga bifreið sína að Suðurlandsbraut 4, og þar skoðaði og ljósmyndaði tjónaskoðunarmaður Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f bifreið stefnanda og áætlaði viðgerðarkostnað á bifreiðinni ca gkr. 475.000. Stefnandi óskaði eftir því að fá bifreiðina greidda út, en því var hafnað. Starfsmenn félagsins útveguðu verkstæðispláss fyrir bifreið stefnanda hjá Bilasmiðjunni Kyndli h/f, og var bifreiðin flutt þangað þennan sama dag. Hinn 3. ágúst tók stefnandi við bifreið sinni úr viðgerð, og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f greiddi viðgerðarkostnaðinn. Stefnandi taldi viðgerðina gallaða. Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f fékk viðgerðarverkstæðið til þess að taka bifreiðina aftur til viðgerðar. Þrívægis mun hafa verið farið með

bifreiðina á verkstæðið til endurbóta á viðgerðum, síðast 23. október 1978. Greiddi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f allan viðgerðarkostnaðinn, en stefnandi var ekki ánægður með viðgerðina.

Þegar hér var komið, nam viðgerðarkostnaður gkr. 883.850, og stefnanda höfðu verið greiddar gkr. 121.000 vegna afnotamissis. Þar að auki hafði Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greitt gkr. 200.000 aukalega til bíla-ferkstæðisins, sem annaðist viðgerð á bifreið stefnanda, og var það greitt vegna aukakostnaðar við viðgerð bifreiðarinnar.

Með bréfi, dags. 5. janúar 1979, dskj. 4, krafði stefnandi stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f um vangreiddar tjónbætur, dagpeninga í 25 daga, gkr. 137.500, og vegna verðyrnunar bifreiðarinnar R 2792 í endursölu vegna tjóns og galla á viðgerðinni, gkr. 250.000. Jafnframt krafðist stefnandi vaxta og innheimtukostnaðar.

Með bréfi, dags. 13. júlí 1979, dskj. 5, beiddist stefnandi dómkvaðningar matsmanna til þess að meta galla á viðgerðinni, verðyrnun bifreiðarinnar vegna tjónsins og hver væri hæfilegur viðgerðartími. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er á dskj. 7. Samkvæmt henni er það mat hinna dómkvöddu matsmanna, að tjónið á bifreið stefnanda leiði ekki til verðyrnunar við endursölu. Viðgerðartíma telja matsmenn hæfilegan 23 daga, og við það bætast 3 dagar vegna endurbóta á málningu bifreiðarinnar. Það var álit matsmannanna, að endurbæta þyrfti málningu bifreiðarinnar og mundi sú endurbót kosta gkr. 94.057, en hlut stefnanda í þessari endurvinnu meta matsmenn á gkr. 36.032. Viðgerð á leka í farangursgeymslu meta matsmenn á gkr. 10.840. Í matsgerð kemur fram, að farangursgeymslan lekur vinstra megin með þéttikanti, sem sé nokkuð bældur af notkun, allan hringinn. Mestur virðist lekinn vera, þar sem loftnet talstöðvar er leitt yfir kantinn. Á þessu svæði sé kanturinn laskaður, sem vel geti orsakast af vinnu við brettið, en talstöðvarloftnetið bæti síst þar úr.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 1979, dskj. 9, krafði stefnandi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f um vangreidda dagpeninga í 28. daga, gkr. 164.500, vegna viðgerðargalla skv. matsgerð, gkr. 104.897, skaðabætur vegna óhóflega langs viðgerðartíma samkvæmt matsgerð, gkr. 140.000, að viðbættum vöxtum, kostnaði og innheimtukostnaði, samtals gkr. 665.596. Bréfi þessu var svarað af hálfu Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, dags. 31. ágúst 1979, dskj. 10. Í bréfinu er tekið fram, að félagið sé tilbúið til þess að greiða gkr. 164.500 í dagpeninga að frádregnum áður greiddum dagpeningum, gkr. 121.000, og vegna þéttigúmmis á kistuloki, gkr. 10.840, ásamt vöxtum og innheimtukostnaði. Öðrum kröfum stefnanda var hafnað.

Vegna málsins hefur stefnandi verið yfirheyrður hér fyrir dómi svo og Valgarður Zóphaníasson, tjónaskoðunarmaður hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, og Einar Runólfsson, skrifstofumaður hjá sama.

Fram kom hjá stefnanda, að leigubílaakstur sé aðalatvinna hans. Á viðgerðartímanum hafi stefnandi ekið á móti öðrum svona tæplega helming venjulegs vinnutíma, sem sé 12 — 14 tímar á sólarhring.

Fram kom hjá Valgarði Zóphaniassyni, að stefnandi hafi viljað fá bifreið sína greidda út, en ekki hafi verið grundvöllur fyrir því. Stefnandi hafi sjálfur lítið viljað gera í sambandi við viðgerð. Tjónið hafi orðið um sumarleyfistíma og því erfitt um verkstædispláss. Hægt hafi verið að komast inn hjá Bilasmiðjunni Kyndli og þess vegna hafi það verkstæði verið valið, en þetta verkstæði hafi yfirleitt skilað góðri vinnu. Greiðsla að fjárhæð gkr. 200.000 skv. dskj. 15 hafi verið greidd til Bilaverkstæðisins Kyndils vegna umframkostnaðar verkstæðisins við viðgerð á bifreið stefnanda.

Fram kom hjá Einari Runólfssyni, að á árinu 1978 hafi almennar bætur vegna afnotamissis leigubifreiðar verið gkr. 5.500 á dag og hafi það verið samkvæmt lágmarksskala. Í dag hélt Einar, að greiddar væru kr. 309.00 á dag til leigubifreiðarstjóra vegna afnotamissis.

III.

Við munnlegan málf lutning sundurliðaði stefnandi kröfu sína þannig:	
dagpeningar í 51 dag, kr. 58.75 á dag,	kr. 2.996.25
að frádregnum þegar greiddum dagpeningum	kr. 1.210.00
	<hr/>
	kr. 1.786.25
vegna viðgerðargalla skv. matsgerð,	kr. 688.65
skaðabætur vegna óhófliga langs viðgerðar-	
tíma skv. matsgerð,	kr. 1.400.00
matskostnaður o. fl.	kr. 1.190.50
	<hr/>
	Kr. 5.065.40

Af hálfu stefnanda voru kröfur rökstuddar með því, að stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafi ráðstafað bifreið stefnanda til viðgerðar á Bilaverkstæðið Kyndil. Stefnandi hafi engu ráðið um val á verkstæðinu. Stefnandi hafi greitt viðgerðarkostnað og endurviðgerðarkostnað svo og gkr. 200.000 til bílasverkstæðisins vegna kostnaðar þess. Viðgerðartími hafi orðið svo langur, þar sem aftur og aftur hafi þurft að lagfæra viðgerðina, og beri stefndu að bæta stefnanda afnotamissinn að fullu og láta stefnanda í té gallalaus viðgerð á bifreiðinni.

Af hálfu stefndu eru sýknukröfur rökstuddar með því, að Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafi fyrir löngu greitt stefnanda allt það tjón, sem hann eigi lögvarinn rétt til úr hendi stefndu. Auk þess hafi félagið umfram skyldu greitt stefnanda háar fjárhæðir í greiðaskyni vegna mistaka við viðgerð á bifreiðinni, sem stefndu beri að lögum enga ábyrgð á. Beri því að sýkna

stefndu af öllum kröfum stefnanda og dæma hann til greiðslu riflegs málskostnaðar. Í þessu sambandi er á það bent, að samkvæmt skoðunargerð félagsins hafi áætlaður viðgerðarkostnaður numið ca gkr. 475.000 og skv. matsgerð teljist hæfilegur viðgerðartími 23 dagar. Samkvæmt dskj. 16 — 18 hafi félagið greitt í viðgerðarkostnað gkr. 883.850 og í afnotamissisbætur gkr. 121.000. Svári það gkr. 5.260 á dag miðað við hæfilegan viðgerðartíma skv. matsgerð. Þar að auki hafi verið greitt í kostnað gkr. 200.000, sbr. dskj. 19.

Megi af þessu ljóst vera, að fyrirsjáanlegt tjón stefnanda af völdum árekstursins sé fullbætt og miklu meira en það. Telja stefndu sér alls óskýlt að bæta frekar afleiðingar ófyrirsjáanlegra mistaka við viðgerð, enda þar ekki um að ræða sennilega (adequat) afleiðingu árekstursins.

Viðgerð hafi hvorki farið fram á ábyrgð né áhættu stefndu. Stefndu hafi ekki framkvæmt viðgerðina, heldur aðeins haft milligöngu um útvegum verkstæðispláss fyrir stefnanda. Viðgerðin hafi því farið fram á ábyrgð og áhættu stefnanda, en ekki stefndu.

Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hafi boðið stefnanda tjónbætur að fjárhæð gkr. 54.340 ásamt vöxtum og innheimtulaunum. Því tilboði hafi stefnandi hafnað vegna tómlætis og sé tilboð þetta því ekki lengur skuldbindandi. Verði ekki á það fallist, er varakrafa stefndu við það miðuð.

Af hálfu stefndu er kröfu vegna vangreiddra dagpeninga mótmælt, þar sem stefnandi hafi þegar fengið fullar afnotamissisbætur miðað við eðlilegan viðgerðartíma á bifreiðinni. Kröfu vegna meintra viðgerðargalla skv. matsgerð er einnig mótmælt sem stefndu óviðkomandi. Ósannað sé, að „gallar“ þessir verði alfarið raktir til viðgerðarinnar. Kröfu um skaðabætur vegna óhóflega langs viðgerðartíma skv. matsgerð er mótmælt sem stefndu óviðkomandi, en einnig sem órökstuddri og ósannaðri. Matskostnaður sé stefndu óviðkomandi.

Það er ekki vefengt af hálfu stefndu, að bifreið stefnanda hafi verið á verkstæði til viðgerðar í 48 daga, en því haldið fram, að stefndu beri ekki að bæta stefnanda afnotamissi lengur en sem samsvari eðlilegum viðgerðartíma. Samkvæmt matsgerð hafi eðlilegur viðgerðartími verið 23 dagar og þann tíma hafi stefnandi þegar fengið bættan.

Álit dómsins.

Í fébótaábyrgð stefndu á tjóni stefnanda felst, að stefndu ber að greiða viðgerðarkostnað á bifreið stefnanda og jafnframt að bæta stefnanda tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar.

Ekki skiptir máli, þótt viðgerðarkostnaður hafi orðið hærri en hann var áætlaður af tjónaskoðunarmanni stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f, enda hefur hvorki verið sýnt fram á, að það hafi verið fyrir tilverknað stefnanda, að viðgerðarkostnaðurinn varð svo hár né viðgerðartíminn svo langur.

Það var starfsmaður stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f, sem ráðstafaði birfeið stefnanda á verkstæði án ihlutunar stefnanda.

Það er ekki vefengt, að bifreið stefnanda hafi verið 48 daga á verkstæði vegna viðgerðarinnar.

Stefnandi hefur fengið greiddar gkr. 121.000 vegna afnotamissis. Á árinu 1978 greiddi stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f gkr. 5.500 á dag vegna afnotamissis leigubifreiðar. Stefnandi á því inni hjá stefndu bætur vegna afnotamissis í 26 daga, eða kr. 1.430.00.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dskj. 7, er kostnaður við endurbætu á málningu bifreiðarinnar að frádregnum hlut stefnanda vegna skemmda á lakki, sem orðið hafa síðan viðgerðin var framkvæmt, gkr. 58.025. Fjárhæð þessa ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda.

Þegar litið er til þess, sem fram kemur í matsgerðinni um vatnsleka í farangursgeymslu, þykir eftir atvikum rétt, að stefndu bæti stefnanda helm-ing þess viðgerðarkostnaðar, eða kr. 58.40.

Matsmenn telja í matsgerð sinni, sem dags. er 10. ágúst 1979, að taka muni 3 daga að vinna að endurbótum á málningu bifreiðarinnar, og ber því að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda bætur fyrir afnotamissi í 3 daga. Ekki hefur verið upplýst, hvað hafi verið greitt í afnotamissibæt-ur vegna leigubifreiða á árinu 1979, en fram er komið, að í ár muni hafa verið greiddar kr. 309.00 á dag. Eftir atvikum þykir rétt við ákvörðun þessa liðar að leggja til grundvallar þá fjárhæð, sem kröfugerð stefnanda er mið- uð við, eða kr. 58.75 á dag, og verða stefndu því dæmdir til þess að greiða stefnanda vegna þessa kr. 176.25.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfu stefnanda um skaðabætur vegna langs viðgerðartíma.

Taka ber afstöðu til kröfu stefnanda um matskostnað við ákvörðun máls- kostnaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu ber að greiða stefnanda kr. 2.244.90 (kr. 1.430.00 + 580.25 + 58.40 + 176.25) með vöxtum, sem ákveðast 27% ársvextir frá 1. sept. 1979 til 1. des. 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, ákveðst kr. 3.000.00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurgeir Jónsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Sigurði Karlssyni, kr. 2.244.90 með 27% ársvöxtum frá 1. sept. 1979 til 1. des. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málkostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. október 1983.

Nr. 200/1983. **Ákærvaldið**
 gegn
Anthony Lee Bellere.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru, skráðri í sakadómsbók 25. október 1983, er barst Hæstarétti 26. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að stytur verði verulega tími sá, sem honum er gert að sæta gæsluvarðhaldi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 25. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.